

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík 23. september 2020
UST202008-299/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Íbúðarsvæði norðan við Hópsbraut - Grindavíkurbær

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði norðan við Hópsbraut í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir íbúðabyggð með fjölbreyttum íbúðum, leikskóla og er heimild fyrir hverfisverslun/hverfisþjónustu. Auk þess kemur fram að skipulagssvæðið er tæplega 30 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir lágreistri íbúðabyggð á 1-3 hæðum sem fellur vel að landi, fyrir allt að 500 íbúðir.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að áhrif eru neikvæð á jarðmyndanir, en vegna umfangs nútímahrauns í Grindavík eru áhrifin talin minniháttar og staðbundin á litlu svæði, m.v. heildarumfang nútímahrauns innan Grindavíkur.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að umfang nútímahrauns sé mikið innan sveitarfélagsins er mikilvægt að tekið sé tillit til hraunsins sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að fyrirliggjandi tillaga muni valda óafturkræfum áhrifum á hraun og því mikilvægt að við hönnun svæðisins sé tekið tillit til nútímahrauns sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu sé verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvænna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Gróður


Í greinargerð kemur fram að meðfram aðalgötum er gert ráð fyrir gróðri og er staðsetning gróðurs meðfram aðalgötum leiðbeinandi á skipulagsupprætti. Auk þess kemur fram að tilgangur gróðurs er að mynda aðlaðandi umgjörð um hverfið og brjóta upp götumyndina.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á friðlýstum svæðum eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í deiliskipulagsskilmála.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur